

BÓKUN


Bókun þessi varðar ágreining vegna kosningar í Norðvesturkjördæmi og úrskurðar landskjörstjórnar um úthlutun jöfnunarsæta og útgáfu kjörbréfa.

Að mati undirritaðs verður að telja að kosningin í Norðvesturkjördæmi hafi verið haldin verulegum annmarka sem kunni að varða ógildingu hennar. Í því sambandi má nefna eftirfarandi annmarka og eftir atvikum brot á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000:

- a. Afstemming atkvæða, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 99. gr. og 3. mgr. 103. gr., greiddum atkvæðum fjölgaði á milli talninga.
- b. Ákvörðun ógildra atkvæðaseðla, sbr. 1. mgr. 103. gr., en yfirkjörstjórn færði ekki fjölda ógildra seðla né ástæður þeirra í fundargerðina. Þá fjölgaði ógildum seðlum úr 24 í 35 á milli talninga.
- c. Frágangur og varðveisla kjörgagna, sbr. 104. gr., en kjörgögnin voru ekki innsigluð og varðveisla kjörgagnanna virðist ekki hafa verið nægilega trygg.
- d. Endurtalning án auglýsingar með nægilegum fyrirvara, sbr. 2. mgr. 97. gr., með þeim afleiðingum að kjósendur og umboðsmenn gátu ekki fylgst með talningunni. Nær þetta til athugunar og talningar oddvita og yfirkjörstjórnarinnar frá kl. 11.46 og þar til talningarfólk var kallað til, sem og hinnar formlegu talningar frá kl. 15, sem hófst áður en umboðsmenn höfðu tækifæri til að mæta.
- e. Umboðsmenn lista voru ekki viðstaddir og fulltrúar í þeirra stað ekki kvaddir til, sbr. 2. mgr. 98. gr.
- f. Mistök, yfirsjón og óvönduð vinnubrögð við talningu, sem birtast í ólíkri lokaniðurstöðu kjörstjórnar og svo endurskoðaðri niðurstöðu að lokinni endurtalningu.

Þess er krafist að ágreiningur þessi verði bókaður í gerðabók landskjörstjórnar og að landskjörstjórn sendi dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum sem ágreiningurinn er um.

Reykjavík, 1. október 2021



Þórunn Birta Þórðardóttir, umboðsmaður Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi